

# STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 1999

14. maí 1999

863

Nr. 307

## REGLUGERÐ

**um notkun seiðaskilju við rækjuveiðar á alþjóðlegu hafsvæði í Barentshafi.**

1. gr.

Reglugerð þessi nær til rækjuveiða á alþjóðlegu hafsvæði í Barentshafi, milli lögsögu Noregs, Svalbarða og Rússlands.

2. gr.

Skylt er við rækjuveiðar á svæði sem tilgreint er í 1. gr. að nota seiðaskilju við veiðarnar.

Seiðaskilja skal þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 22 mm. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45 - 50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. maí 1999.*

**Davíð Oddsson.**

*Porsteinn Geirsson.*